

Verklag vegna vinnuslysa hjá Akureyrarbæ

Fyrsta koma á slysadeild

- Akureyrarbær greiðir alltaf fyrir fyrstu komu á slysadeild.
- Annað hvort er sett í reikning hjá Akureyrarbæ eða starfsmaður greiðir sjálfur og fær reikninginn endurgreiddan.
- Til að fá endurgreitt fer starfsmaður fer með reikninginn til yfirmanns sem kemur honum til bókhaldsdeildar.

Starfsmaður

- Starfsmaður greiðir allan kostnað eftir fyrstu komu á slysadeild.
- Geyma þarf kvittanir fyrir útlögðum kostnaði vegna slyssins.
- Ef slysið er samþykkt sem vinnuslys þarf starfsmaður að senda frumrit kvittana til Sjúkratrygginga Íslands vegna endurgreiðslu.

Vottorð

- **Áverkavottorð**
 - Starfsmaður biður um áverkavottorð frá þeim lækni eða heilbrigðisstofnun/sjúkrahúsi sem hann leitaði fyrst til og frá meðhöndlandi lækni ef við á sem hann skilar til Sjúkratrygginga Íslands.
 - Áverkavottorð er forsenda þess að Sjúkratryggingar Íslands taki málið til afgreiðslu.
- **Veikindavottorð**
 - Ef starfsmaður er frá vinnu vegna slyssins þarf hann að skila inn veikindavottorði í samráði við yfirmann en þó alltaf ef veikindafjarvistir eru 5 dagar eða fleiri.

Gögn

- Stofnun fyllir út *Tilkynningu um slys* (Sjúkratryggingar Íslands).
- Stofnun fyllir út *Tilkynningu um vinnuslys til Vinnueftirlitisins* á vef stofnunar, <https://minarsidur.ver.is/Innskraning>. Þar skráir viðkomandi sig inn á sínum skilríkjum en skráir vinnuslysið á kennitölu Akureyrarbæjar 410169-6229.
- Stjórnandi fær upplýsingar um veikindarétt og laun hjá launadeild (liður 32 í *Tilkynningu um slys*).
- Ath. að í öllum tilvikum þarf að merkja við á eyðublaðið að lagt sé inn á reikning atvinnurekanda (vegna endurgreiddra dagpeninga).
- Reikningsnúmer 565-26-44 kt. 410169-6229.
- **Stimpla þarf bæði eyðublöðin með stimpli stofnunar.** Ef það gleymist tefur það afgreiðslu mála hjá Sjúkratryggingum Íslands.
- Stjórnandi sendir frumrit allra gagna til verkefnastjóra á mannauðsdeild.
 - Tilkynning um slys (Sjúkratryggingar Íslands)
 - Tilkynning um vinnuslys (Vinnueftirlitið)
 - Áverkavottorð (ef það hefur borist honum)
 - Veikindavottorð
- Mannauðsráðgjafi felur Bæjarlögmanni að lesa yfir gögnin og gerir athugasemdir ef þarf.
- Mannauðsráðgjafi tekur afrit af öllum gögnum og skilar til skjalastjóra.
- Mannauðsráðgjafi sendir frumrit tilkynninga til Sjúkratrygginga Íslands.

Aðgangsstýring í One Systems :

- Lesaðgangur: launadeild, mannauðsdeild – allir starfsmenn
- Ábyrgðaraðili: Stjórnandi stofnunar



- Tengdir starfsmenn: Sviðsstjóri mannauðssviðs, bæjarlögmaður og mannauðsráðgjafi

Úrskurður máls

- Sjúkratryggingar Íslands meta hvort slysið sé vinnuslys eða ekki skv. 32. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar.
- Úrskurður berst rafrænt til mannauðsráðgjafa og til starfsmanns.
- Mannauðsráðgjafi setur úrskurðinn undir mál í ONE.
- Ef Sjúkratryggingar Íslands samþykkja ekki slys sem vinnuslys og starfsmaður er ósáttur skal benda honum á að hafa samband við sitt stéttarfélag.
- Ef Sjúkratryggingar Íslands dæma slysið sem vinnuslys fær starfsmaður útlagðan kostnað vegna slyssins endurgreiddan frá Sjúkratryggingum Íslands.
- Fylla þarf út eyðublað *Endurgreiðsla sjúkrakostnaðar vegna slysatrygginga* á www.sjukra.is og skila frumritum af reikningum með útfylltu eyðublaði til Sjúkratrygginga Íslands.
- Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða ekki útlagðan kostnað vegna læknisvottorða atvinnurekanda eða leigu á hjálpartækjum. Launþegi fær þetta endurgreitt frá vinnuveitanda.
- Reikningar vegna sjúkraþjálfunar eru oftast sendir beint til Sjúkratrygginga Íslands og þess vegna þarf að senda öll gögn vegna afgreiðslu máls strax til Sjúkratrygginga Íslands.

Skilyrði fyrir að Sjúkratryggingar Íslands taki mál til afgreiðslu:

- Tilkynningu um vinnuslys hafi verið skilað inn til Vinnueftirlitsins.
- Áverkavottorð hafi borist Sjúkratryggingum Íslands.
- Tilkynning um slys hafi borist.
- Tjón sem verður vegna bílslyss eða slyss á öðrum vélknúnum ökutækjum telst ekki bótaskyld hjá Sjúkratryggingum Íslands ef tjónið er bótaskyld hjá váttryggingafélagi samkvæmt lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða lögboðinni slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Beiðni frá VÍS

- Þegar um alvarlegt slys er að ræða óskar VÍS einnig eftir að fá senda tilkynningu strax, annars kallar félagið eftir henni ef þörf er á.
- Tilkynninguna má finna á www.vis.is.
- Stjórnandi sér um að fylla út tilkynninguna.